

Nr. 30.
2.
nóvbr.

L ö g

um breytingar á lögum nr. 11, 20. okt. 1905, um landsdóm.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

11. gr. 1. málsg. síðasta setning orðist svo:

Dómruðning fer þannig fram, að báðir málsaðiljar, sóknari og ákærður eða verjandi hans, koma fyrir forseta á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum lögskipuðu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari ryður 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kjörnu.

2. gr.

Aftan við 14. gr. fyrri málsg. bætist:
er jafnan sje einn hinna lögskipuðu dómenda.

3. gr.

Í 16. gr. 2. málsgrein verði » $\frac{4}{5}$ « að:
 $\frac{2}{3}$.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 31.
2.
nóvbr.

L ö g

um varadómara í hinum konunglega íslenska landsyfirrjetti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Prófessorarnir í lagadeild Háskóla Íslands eru sjálfkjörnir varadómarar í landsyfirrjettinum, hvort sem heldur losnar þar sæti, dómari forfallast um stundarsakir eða vikur úr dómarasæti.